

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 705/2009 um asbestúrgang

1. gr.

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. orðast svo:

Óheimilt er að hefja atvinnurekstur sem gæti haft í för með sér losun asbests út í umhverfið, þar með talið niðurrif bygginga, byggingahluta eða búnaðar, hafi starfsemin ekki verið skráð í samræmi við ákvæði reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

2. gr.

Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. orðast svo:

Eigi má farga asbesti nema að fengnu leyfi Umhverfis- og orkustofnunar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

Umhverfis, orku- og loftslagsráðuneytinu, [] 2026